


ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

Júlí 2025

Fylgi flokka ef kosið yrði til **Alþingis** í dag




Júní '25	31,8%	20,6%	13,7%	10,7%	6,5%	5,6%	4,1%	3,3%	3,2%
Maí '25	30,7%	21,7%	14,4%	9,1%	7,5%	5,5%	3,3%	3,5%	3,6%
Kosningar 2024	20,8%	19,4%	15,8%	12,1%	13,8%	7,8%	3,0%	4,0%	2,3%


Stuðningur við **ríkisstjórn**



Stuðningur við **stjórnarflokka**



Fylgismæling - **afstaða**



Minnkandi stuðningur við **ríkisstjórnina** - Aukið fylgi við **Miðflokkinn**

Tæplega **63%** þeirra sem taka afstöðu styðja ríkisstjórnina, sem er röskum **fjórum** prósentustigum minna en í síðustu mælingu.

Helsta breyting milli mælinga er að fylgi Miðflokksins eykst um tæplega **tvö** prósentustig. Fylgi annarra flokka breytist lítið eða á bilinu **0,2-1,2** prósentustig og eru breytingarnar ekki tölfræðilega marktækar. Nær **32%** kysu Samfylkinguna ef kosið yrði til Alþingis í dag og er það mesta fylgi sem Samfylkingin hefur mælst með síðan í apríl 2009. Tæplega **21%** kysu Sjálfstæðisflokkinn, næstum **14%** Viðreisn, nær **11%** Miðflokkinn og hátt í **7%** Flokk fólksins. Tæplega **6%** kysu Framsóknarflokkinn en fylgi hans hefur ekki mælst lægra en nú í sumar síðan mælingar Gallup hófust í júní 1992. Líðlega **4%** kysu Pírata, ríflega **3%** Sóssíalistaflokkinn og Vinstri græn og tæplega **1%** aðra flokka.

Nær **6%** myndu skila auðu eða ekki kjósa og rösklega **12%** taka ekki afstöðu eða vilja ekki gefa hana upp.

Spurt var:

- Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk myndir þú kjósa?
- En hvaða flokkur yrði líklegast fyrir valinu?
- Styður þú ríkisstjórnina?

Niðurstöður sem hér birtast um fylgi flokkanna á landsvísu eru úr netkönnun sem Gallup gerði dagana 2. - 30. júní 2025. Heildarúrtaksstærð var 10.216 og þátttökuhlutfall var 46,5%. Vikmörk á fylgi við flokka eru 0,6-1,5%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir og Jón Karl Árnason.

Ábyrgðarmaður: Jóna Karen Sverrisdóttir © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.